

FISK Seafood ehf.  
Háeyri 1  
550 Sauðárkróki

Reykjavík, 26. apríl 2021  
UST202103-412/H.G.  
07.11.02

### **Áminning og krafa um úrbætur**

Við er til bréfs dags. 30.3.2021 þar sem Umhverfisstofnun áformaði að veita FISK Seafood ehf. áminningu vegna hugsanlegra brota á 25. gr. efnalaga nr. 61/2013 og 4. gr. reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, sbr. 55. gr. efnalaga.

Brotið hefur verið staðfest af Samgöngustofu sem annast eftirlit með búnaði skipa vegna mengunarvarna, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og lög nr. 47/2003 um eftirlit með skipum. Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds samkvæmt reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins. Stofnunin annast jafnframt eftirlit með framkvæmd efnalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim sbr. XI. kafla laganna.

Samkvæmt 25. gr. efnalaga og 4. gr. reglugerðar nr. 970/2013, um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, er framleiðsla, markaðssetning, útflutningur og notkun ósoneyðandi efna bönnuð. Jafnframt er markaðssetning, útflutningur og notkun búnaðar og hluta sem innihalda ósoneyðandi efni bönnuð. Með notkun er átt við nýtingu ósoneyðandi efna til framleiðslu, viðhalds eða viðgerða, þ.m.t. enduráfilling, á vörum og búnaði sem innihalda ósoneyðandi efni eða nýting þeirra í öðrum ferlum, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins. Notkun á endurheimtu ósoneyðandi efninu R-22 hefur verið bönnuð frá 1. janúar 2015 og notkun nýrra efna enn lengur, sbr. reglugerð (EB) nr. 1005/2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins. Byrjað var að takmarka ósoneyðandi efni með gerð Montréal-bókunarinnar, en veitt var rými til að skipta út kerfum sem innihéldu ósoneyðandi efni með því að takmarka notkunina í skrefum og koma svo á almennu banni með allri notkun á efnunum um áramótin 2014-2015.

FISK Seafood ehf. var veittur frestur til 13.4.2021 til að senda tímasetta úrbótaáætlun og sami frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. FISK Seafood ehf. sendi úrbótaáætlun til Umhverfisstofnunar þann 12. apríl sl. Í úrbótaáætluninni kemur fram að búið er að undirrita samning við kælismiðju sem mun annast hönnun og uppsetningu á nýju kerfi þar sem kælimiðill R-22 verði fjarlægður úr skipinu Arnari HU-001, skipanúmer 2265. Búið er að bóka tíma fyrir breytinguna í nóvember nk. þar sem núverandi frystikerfi verður fjarlæggt og nýtt kerfi sett upp.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að FISK Seafood ehf. hyggst skipta um kælikerfi og fá nýtt kerfi í skipið Arnar HU-001 en telur hins vegar þá ráðstöfun ekki nægja þar sem bannað er að nota kælimiðilinn R-22. Umhverfisstofnun fékk staðfest frá FISK Seafood ehf. í tölvupósti þann 12. apríl sl. að þeir ætli að halda áfram notkun á kælimiðlinum þar til skipið verður tekið í slipp í nóvember nk. Af framangreindu virtu telur Umhverfisstofnun úrbótaáætlun FISK Seafood ehf. ekki fullnægjandi.

**Umhverfisstofnun veitir því FISK Seafood ehf. áminningu, sbr. 55. gr. efnalaga og gerir þá kröfu að fyrirtækið tppi kælimiðlinum R-22 af kælikerfi skipsins og komi honum til förgunar hjá viðurkenndri móttökustöð fyrir spilliefni. Jafnframt er þess krafist að FISK Seafood ehf. sendi stofnuninni kvittun fyrir afhendingu kælimiðilsins á móttökustöðinni. Umhverfisstofnun veitir FISK Seafood ehf. frest til 19.5.2021 til að verða við kröfum stofnunarinnar. Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málsnúmerinu UST202103-412. Fyrirtækinu er veittur sami frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.**

Verði fyrirtækið ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að 500.000 kr. fyrir hvern dag þar til úr er bætt, sbr. 56. gr. efnalaga. Slík ákvörðun yrði áformuð sérstaklega og andmælafrestur veittur í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Ákvörðun þessi er kæránleg til umhverfis- og auðlindaráðherra, sbr. 68. gr. efnalaga. Um kærurétt og málsmeðferð fer samkvæmt stjórnisýslulögum, sbr. VII. kafli. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúræða verður innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum þegar málslok liggja fyrir.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur eða Hlínar Gísladóttur lögfræðings í síma 591-2000 eða í gegnum netföngin [bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is](mailto:bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is) eða [hlin.gisladottir@umhverfisstofnun.is](mailto:hlin.gisladottir@umhverfisstofnun.is) til að fá nánari upplýsingar um það sem málið snýst um.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Hlín Gísladóttir  
lögfræðingur